

BORGARRÁÐ 27. júní 2024: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um endurskipulagningu þjónustu- og nýsköpunarsviðs - MSS24060120

Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir upplýsingum um hvort ástæða sé til að flýta endurskipulagningu og niðurskurði á þjónustu og nýsköpunarsviði.

Greinargerð:

Það er mat fulltrúa Flokks fólksins að eftir allt sem á undan er gengið varðandi meint bruð þjónustu og nýsköpunarsviðs sem m.a. hefur verið bent á í fjölmiðlum, er sviðið enn yfir fjárheimildum í rekstri á fyrstu 3 mánuðum ársins. Ekki virðist hafa dugað að leggja niður skrifstofu sviðsstjóra sem orðin var ansi þung á fóðrum hvað almannafé varðar, heldur verður að ganga enn lengra en núverandi meirihluti hefur viljað gera. Telur fulltrúinn að ganga verði enn harðar. Minnir fulltrúi Flokks fólksins á að tillaga um ytri úttekt á sviðinu sem fulltrúi Flokks fólksins lagði fram í borgarstjórn 8. apríl síðastliðinn, hefur enn ekki verið tekin formlega fyrir í borgarráði eins og samþykkt var á áðurnefndum fundi. Það er alvarlegt mál þegar gríðarlegar upphæðir eru ítrekað notaðar í allskyns óskilgreind verkefni eins uppgötvana- og tilraunafasa vegna lausna sem fyrir löngu er búið að finna upp.